

Fimmtudaginn 26. júní 1975.

Nr. 78/1975. Björgúlfur Kristjánsson

gegn

Spindli h/f.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Þingbækur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. júní 1975, sem Hæstarétti barst 13. s. m. Kröfur sóknaraðilja þykir verða að skilja svo, að hann krefjist þess, að felldur verði úr gildi úrskurður, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 21. maí 1975, og að bókun í máli þessu fari fram í bæjarþingsbók, eins og lög standi til samkvæmt 3. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili telur, að kæra þessi beinist á engan hátt að sér, en hann krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Skýra ber 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 svo, að kæra þessi sé heimil.

Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir þeim hætti, sem tíðkast hefur síðan 1967 á bæjarþingi Reykjavíkur um skráningu dómskýrslna. Ákvæði 42. gr. laga nr. 85/1936 þykja eigi standa því í vegi, að slíkur háttur sé á hafður.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1975.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í þinghaldi 7. maí sl. um framkomna kröfu lögmanns stefnanda um, „að bókun fari framvegis fram í dómsmálabók, bæjarþingsbók, eins og lög standa skv. 3. mgr. 42. gr. einkamálalaganna“, enda hafði lögmaðurinn mótmælt því, að notuð væri eingöngu ritvél, þar sem bókað væri það, sem fram færi í réttarhaldinu.

Lögmaður stefnda kvaðst ekki taka afstöðu til kröfu lögmanns stefnanda um bókun framvegis í þingbók og kvaðst leggja það á vald dómara.

II.

Málið er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. janúar 1969, af Björgúlfi Kristjánssyni, þá til heimilis að Bergþórugötu 23 hér í borg, en nú til heimilis að Kaplaskjólsvégi 11, gegn Spindli h/f, þá til heimilis að Skúlagötu 55, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 78.500 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins. Hinn 13. febrúar 1969 lagði stefndi fram greinargerð og krafðist algerrar sýknu og ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnanda at mati dómarans. Málavöxtum og málsástæðum lýsir stefnandi þannig í stefnu:

„Með húsaleigusamningi, undirrituðum 1. desember 1967, tók stefnandi á leigu hjá stefnda steinsteyptan kjallara í miðbyggingu hússins „Rauðará“ við Skúlagötu í Reykjavík. Leigutímabilið var ákveðið 2—3 ár og leigugjald á mánuði hverjum kr. 1.750.00. Húsnæðið var upphitunarlaust, og tók leigutaki að sér að gera við hitalögnina og koma hitun í húsnæðið við fyrstu hentugleika. Ekki skyldi leigutaki þó greiða opinber gjöld, er stöfuðu af lagfæringu hitalagnarinnar. Leigutaki hafði rétt til framleigu. Stefnandi hófst þegar handa um að gera við hitalögnina í hinu leigða húsnæði. Nam kostnaður hans við þá viðgerð kr. 25.000.00. Í þágu stefnda greiddi stefnandi aukakerfisgjald til Hitaveitu Reykjavíkur, kr. 3.000.00, en sú upphæð skyldi ganga upp í húsaleigugreiðslur. Síðarnefnd greiðsla var af hendi innt 11. janúar 1968, en stefnandi hafði þá galdið húsaleigu fyrir desembermánuð, kr. 1.750.00. Hinn 1. janúar 1968 leigði stefnandi fyrirtækinu Trétækni s/f margnefnt húsnæði fyrir kr. 4.000.00 pr. mánuð. Hinn 20. febrúar 1968 ritaði stjórnarformaður Spindils h/f, Sæmundur Kristjánsson, stefnanda bréf, þar sem stefndi telur stefnanda hafa

fyrirgert rétti sínum skv. húsaleigusamningnum sökum vanskila, og kveðst stefndi munu semja við hinn nýja leigutaka, þ. e. Tré-tækni s/f um áframhaldandi leigu. Þessu mótmælti stefnandi þegar og síðan bréflega 2. apríl 1968, enda taldi hann leiguvanskil ekki hafa átt sér stað. Eins og fyrr segir, hafði stefnandi goldið í húsaleigu kr. 4.750.00 og jafnframt boðist til að greiða það, sem á vantaði, kr. 500.00, en því greiðsluboði var hafnað. Stefnandi telur stefnda hafa riftað leigusamningnum án nokkurs tilefnis og í þeim tilgangi einum að notfæra sér framlag stefnanda til lagfæringar og endurbóta hins leigða húsnæðis“.

Sýknukröfu sína styður stefndi þannig í greinargerð:

„Eins og fram kemur af dómsskjali nr. 3, gerðu aðiljar máls þessa með sér húsaleigusamning um steinsteyptan kjallara í húsinu Rauðará við Skúlagötu hér í borg.

Stefndi var ekki eigandi að húsnæði þessu, og var stefnanda kunnugt um það.

Húsnæði þetta var upphitunarlaust með öllu, og tók stefnandi að sér, eins og segir í samningnum: „að gera við hitalögnina og koma á hitun í húsnæðinu ...“. Skyldi stefnandi að sjálfsögðu greiða allan kostnað af þessu.

Leigutíminn hófst 1. desember 1967 og skyldi standa óákveðinn tíma, en uppsagnarfrestur var 3 mánuðir. Leigufjárhæðin var kr. 1.750.00 á mánuði, og skyldi hún greidd 1. hvers mánaðar fyrir fram. Greiddi stefnandi við undirritun samningsins, hinn 1. desember 1967, leiguna fyrir desember mánuð 1967 með kr. 1.750.00.

Eftir þetta greiddi stefnandi enga húsaleigu, og hinn 20. febrúar 1968 ritaði stefndi stefnanda bréf og skýrði honum frá því, að þar eð engin leiga hefði verið greidd fyrir janúar og febrúar 1968, væri það skoðað sem brot á samningi þeirra aðila og hann því fallinn niður.

Ekkert svar barst við bréfi þessu frá stefnanda fyrr en í apríl-mánuði 1968. Var það bréf lögmanns stefnanda, dagsett 2. apríl 1968.

Í bréfi þessu er engin leigugreiðsla boðin fram og riftun stefnda á leigusamningnum er heldur ekki mótmælt.

Hinsvegar er talið, að stefndi skuldi stefnanda andvirði kostnaðar við að gera við hitalögnina og koma hitun á í húsnæðinu, og er kostnaður þessi talinn nema samtals kr. 28.000.00.

Í bréfi þessu er skýrt tekið fram, að stefnandi telji það refsivert athæfi hjá stefnda að taka leigu hjá framleiguhafanum, Auð-

uni Blöndal, og muni verða gerðar viðeigandi ráðstafanir í því til-
liti.

Eins og að framan getur, bar stefnanda að greiða allan kostnað við að koma hitun á í húsnæðinu, enda er það viðurkennt í stefnu, að því er tekur til vinnu og efnis. Gjaldið til Hitaveitu Reykjavíkur er einungis einn liður í því að koma á hitun í húsnæðinu, og gildir því auðvitað sama um þann lið og annan kostnað.

Því er eindregið andmælt, að stefndi hafi viðurkennt að honum bæri að greiða gjald þetta.

Það er mikill misskilningur hjá stefnanda, sem segir í greinargerð, að stefndi hafi hagnast um mismun á kr. 29.750.00 og kr. 3.500.00. Eins og fyrr getur, er stefndi ekki eigandi að húsnæðinu, og er þar því ekki um neina auðgun stefnda að ræða.

Riftun samningsins stafaði eingöngu af vanskilum stefnanda, og getur hann því kennt sér einum, hvernig fór“.

III.

Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 1. október sl., en þá hafði það ekki verið tekið fyrir síðan 13. febrúar 1969 þrátt fyrir tilmæli þáverandi lögmanns stefnanda.

Stefnandi gaf skýrslu sína fyrir dóminum 5. mars sl., og þá kom einnig fyrir dóminn fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, Spindils h/f, Sæmundur Kristjánsson. Ákveðið var að hafa sam-
pröfun 12. mars sl. Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður mætti þá af hálfu stefnanda vegna Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns. Setti hann í upphafi þinghalds út á það, að aðeins einn þingvottur væri viðstaddur, þ. e. þingritari, og krafðist þess, að tveir vottar væru í þinginu. Úr þessu var bætt, og fór sam-
pröfun þá fram. 9. apríl var þingað í málinu að nýju, og voru þá tveir þingvottar viðstaddir, þ. e. þingritari og annar vottur. Af hálfu stefnanda mætti enn Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlög-
maður vegna Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns. Þá var ákveðið, að vitni kæmu fyrir dóminn 7. maí. Fyrir þinghaldið 7. maí sl. bárust dómáranum tvö bréf. Kristinn Einarsson hæsta-
réttarlögmaður tilkynnti, að hann mundi eigi framvegis gæta hagsmuna stefnanda í málinu, en lögmaður hans væri nú Guð-
laugur Einarsson hæstaréttarlögmaður. Í bréfi, dags. 19. apríl sl., tilkynnti Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður dómáranum hið sama. Í bréfi þessu voru auk þessa þrjú efnisatriði um með-
ferð málsins hér fyrir dóminum. Í fyrsta lagi, að ákveðnu vitni hefði verið vitnastefnt til að mæta klukkan 10 miðvikudaginn 7.

maí, í öðru lagi, að lögmaðurinn skilji ákveðna yfirlýsingu Sæmundar Kristjánssonar hér fyrir dóminum 12. mars sl. þannig, að Sæmundur sé persónulega ábyrgur í málinu gagnvart stefnanda, en enginn annar og þá eigi heldur hið stefnda hlutafélag sem slíkt, og samkvæmt þessu geri lögmaðurinn þá kröfu f. h. stefnanda, að dómariinn með tilvísan í 2. mgr. 115. gr. einkamállaga nr. 85/1936 og annarra ákvæða tilgreindra laga kalli Sæmund Kristjánsson fyrir dóm klukkan 10 7. maí. Í þriðja lagi lauk bréfi lögmannsins með þessari málsgrein:

„Að öðru leyti stendur fyrirvari minn um skýrslutöku yðar af aðilum, enda sýnist mér vanta a. m. k. eina setningu, sem var að vísu yfirstrikuð af yður, ef ég man rétt, og þar utan er ég svo lánsamur að fá ekki skilið, hvað þér sem ábyrgur dómari ætlist fyrir með þessari hringrás af spurningum og svörum aðila um atriði, sem annaðhvort voru áður upplýst, ellegar óviðkomandi málinu sem slíku. Þér minntuð mig á einkamálalögin, herra dómari“.

Þar sem dómariinn taldi lögmanninn með þessari athugasemd gefa í skyn, að eigi hefði verið afgreitt rétt endurrit til lögmannna af þinghaldi 12. mars sl., var þetta athugað hjá þingritara. Í ljós kom, að í þinghaldinu 12. mars sl. höfðu verið vélritaðar fimm blaðsíður. Eftir þinghaldið hafði þingritari vélritað að nýju blaðsíður 1, 2 og 4 vegna ritvillna á þeim, en geymt hjá sér síður þær, sem vélritaðar voru í þinghaldinu sjálfu. Þingritariinn afhenti dómaranum þessar þrjár blaðsíður, og ákvað dómari að leggja þær fram sem dómsskjöl, þar sem útstrikun á bls. 1, sem dómariinn hafði látið gera í þinghaldinu til leiðréttingar á bókun sinni, hafði ekki, andstætt ákvæðum 3. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936, verið tekin með, þegar blaðsíðan var vélrituð að nýju. Í upphafi þinghalds 7. maí sl. lagði dómari fram ofangreint bréf Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, sem varð dskj. nr. 14, og ofangreindar þrjár blaðsíður, sem urðu dskj. nr. 15—17, og bókaði skýringar sínar á framlagningu skjala þessara. Að því loknu bar lögmaður stefnanda, Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður, fram ofangreinda úrskurðarkröfu, en hún var bókun þannig:

„Ég mótmæli því, að notuð sé eingöngu ritvél, þar sem bókað er, að það, sem fram fer í réttarhaldinu að gefnu tilefni, og krefst þess, að bókun fari framvegis fram í dómsmálabók, bæjarþingsbók, eins og lög standa skv. 3. mgr. 42. gr. einkamállaganna og krefst úrskurðar um þetta atriði“.

IV.

Árið 1967 var tekin upp sú nýbreytni hér við embættið að halda vélritaðar bæjarþingsbækur og sjó- og verslunardómsbækur. Gerð bókanna er þannig, að í þinghöldum, þar sem aðiljar eða vitni koma fyrir dóminn til skýrslugjafar, les dómari bókanir sínar fyrir vélritara, sem skráir þær jafnóðum með ritvél. Efstu blaðsíðurnar í ritvélinni eru úr góðum pappír, en auk þess eru með kalkipappír slegin eins mörg afrit og þurfa þykir. Aðiljar undirrita skýrslur sínar og vitni oft einnig, en í lok þinghalds undirrita dómari, lögmenn og vottar það, sem bókað hefur verið. Efstu blaðsíðurnar eru varðveittar og í lok hvers starfsárs bundnar saman í bók, en afritin fá dómari, lögmenn og/eða aðiljar í sínar hendur. Oftast eru afritin útbúin í lok þinghalds, þ. e. kápa er vélrituð, blaðsíður eru heftar saman og dómari staðfestir endurritið, gjöld eru reiknuð og greidd, en hitt gerist einnig, að vélritari gangi frá afritunum og setji þau, eftir að dómari hefur staðfest þau, í möppur lögmanna í afgreiðslu, þar sem þeir nálgast þau og greiða fyrir. Fyrir kemur, að vélritari, að eigin ósk, vélritar að nýju blaðsíður, sem á eru vélritunarskekkjur, og er þá gætt fyllstu varúðar, að rétt sé vélritað, og frumblaðsíðurnar varðveittar til öryggis.

Heimild til að halda slíkar vélritaðar bæjarþingsbækur og sjó- og verslunardómsbækur hefur verið talin felast í 42. gr. laga nr. 85/1936, og hefur aldrei verið efast um lögmæti þeirra af dómurum né lögmönnum fyrr en nú, að hæstaréttarlögmaður hefur krafist úrskurðar um þetta atriði.

Dómari ákveður í hverju þinghaldi, hvaða dómsmálalabók sé notuð fyrir bókanir í þinghaldinu, og hafa aðiljar ekki forræði í því efni, enda verður eigi séð, hvaða réttarhagsmuni aðiljar hafi af slíkri ákvörðun. Þegar af þessari ástæðu verður krafa lögmanns stefnanda um, „að bókun fari framvegis fram í dómsmálalabók, bæjarþingsbók, eins og lög standa skv. 3. mgr. 42. gr. einkamálalaganna“, en ekki með ritvél, ekki tekin til greina.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist í þessum þætti málsins. Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Framangreind krafa lögmanns stefnanda er ekki tekin til greina.